



Virðing, sjálfræði og virkni

## Starfsáætlun 2019-2020

## Efnisyfirlit starfsáætlun

1 Inngangur.....	4
2 Um leikskólann .....	4
2.1 Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými .....	4
2.2 Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur og skipulag.....	4
3 Starfsáætlun næsta leikskólaárs.....	5
3.1 Leikskólastarfið .....	5
<i>Leikurinn.</i> .....	5
<i>Málörvun</i> .....	6
<i>Flæði</i> .....	7
<i>Myndsköpun</i> .....	7
<i>Tónlist</i> .....	7
<i>Útinám</i> .....	8
<i>Hreyfing og íþróttir</i> .....	8
<i>Sumarskólinn.</i> .....	8
<i>Ævintýradeild.</i> .....	9
3.2 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir .....	9
3.3 Þróunar- og nýbreytnistarf .....	11
4 Starfsmenn .....	12
4.1 Starfsmannastefna .....	12
4.2 Áherslur í samstarfi svo sem handleiðsla, starfsmannasamtöl og móttaka nýrra starfsmanna .	12
4.3 Samsetning starfsmannahópsins.....	13
4.4 Fundir.....	14
4.5 Skipulagsdagar.....	14
4.6 Símenntunaráætlun.....	14
4.7 Þátttaka í rannsóknum .....	14
5 Börn .....	15
5.1 Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift.....	15
5.2 Sérkennsla .....	16
6 Foreldrasamstarf .....	17
6.1 Stefna og áherslur vegna foreldrasamstarfs .....	17
6.2 Foreldraráð.....	17
6.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu .....	17

---

6.4 Fræðsla og upplýsingar til foreldra.....	18
6.5 Foreldrafélag .....	18
7 Samstarf.....	18
7.1 Samstarf við grunnskóla .....	18
7.2 Samstarf við aðra.....	19
7.3 Nemar .....	19
8 Mat .....	20
8.1 Matsaðferðir .....	20
8.2 Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður .....	21
8.3 Mat á starfsáætlun síðastliðins starfsárs og niðurstöður.....	21
8.4 Umbótaáætlun .....	22
9 Öryggismál.....	23
9.1 Öryggisnefnd .....	23
9.2 Áfallaráð .....	23
9.3 Innra eftirlit.....	23
9.4 Sly.....	23
10 Lokaorð .....	24

## 1 Inngangur

Hlutverk leikskólans hefur tekið miklum breytingum á undanförunum árum og misserum. Á sama tíma og við erum sífelld að auka fjölbreytileika námsaðferða og nálgana fækkar fagmenntuðum, ekki síst leikskólakennurum, og fleiri með aðra menntun sinna störfunum í leikskólum. Þetta kallar á að stjórnendur séu sveigjanlegir, hugmyndaríkir og fljótir að sjá mannauðinn og virkja hann. Þessi staða hvetur okkur líka áfram til þess að horfa á aðgengilegar lausnir í kennsluefni svo fleiri geti nýtt sér þær.

Heimur samfélagsmiðla, rafrænna lausna, tímaleysis og álags mætir okkur líka í leikskólanum og þar með hefur hlutverk okkar gagnvart börnum og foreldrum líka breyst. Við sjáum hvernig íslenskan á undir högg að sækja vegna aðkomu enskra snjallforrita og áhorfs jafnvel mjög ungra barna. Þar með hefur hlutverk okkar í málörvun barna stækkað og einnig hlutverk leikskólans í að miðla mikilvægum upplýsingum um hvernig og hvaða áhrif þessi heimur hefur á börn í nútímasamfélagi. Leikskólinn gegnir mikilvægu hlutverki í skapa öruggt skjól með festu sem skapar ró í lífi barna þar sem fjölskyldu og/eða heimilisaðstæður bjóða upp á óróa eða vanlíðan.

Hlutverk leikskólans er margbreytilegt og fjölbreytt og ólíkt frá ári til árs, degi til dags. Það krefst hugrekks, útsjónarsemi og samheldni í starfsmannahóp að halda starfinu lifandi og geta brugðist við öllu því sem mætir leikskólabörnum og starfsmönnum í dagsins önn.

## 2 Um leikskólann

### 2.1 Leikskólinn, húsnæði, lóð og rými

Leikskólinn Sólhvörf er 6 deilda leikskóli og er opinn frá 7:30-16:30 daglega. Nemendur eru 115 í 6-9 tíma dvöl. Leikskólinn er 841,7 fermetrar á einni hæð. Leikrými á barn er 3,7 fm. og lóð er 4,437 fm.

### 2.2 Námskrá, stefna, uppeldislegar áherslur og skipulag

Skipulagning faglegs starfs í Sólhvörfum tekur mið af lögum um leikskóla, Aðalnámskrá leikskóla, Námskrá Kópavogs, Skólanámskrá Umhverfisstefnu leikskóla Kópavogs.

Sólhvörf fylgir áherslum Hugsmíðahyggjunnar í uppeldisstarfi leikskólans með áherslu á sjálfræði barnsins. Sjálfræði vísar til þess að taka sjálfstæðar ákvarðanir byggðar á þekkingu

og vangveltum um hvað maður sjálfur telur rétt og rangt. Sjálfræði felur í sér ábyrgð og sjálfsaga og leggjum við áherslu á að kenna börnum frá unga aldri að temja sér hvoru tveggja.

Hugsmíðahyggjan kennir okkur um það hvernig barnið byggir upp þekkingu og hvernig það lærir með eigin virkni. Tækið sem barnið notar til náms er leikurinn, hann er kjarninn í uppeldi og menntun þess. Litið er á barnið sem virkan aðila í eflingu eigin þroska í félags, siðgæðis og vitsmunapróska.

### 3 Starfsáætlun næsta leikskólaárs

#### 3.1 Leikskólastarfið

Í öllu leikskólastarfinu er lögð sérstök áhersla á **virðingu, sjálfræði og virkni**.

Leikumhverfi barnanna er þannig uppsett að það styðji sem mest við sjálfræði barnsins. Því er allt leikefni geymt í merktum glærum plast kössum í opnum hillum. Börnin geta því náð sér sjálf í leikefnið sem þau vilja nota hverju sinni og gengið frá því að leik loknum.

Málörvun er rauði þráðurinn í okkar starfi og er yfir um og allt um kring í leikskólanum. Við notum fjölbreyttar aðferðir til að efla málþroska, þjálfra framburð, orðaforða, orðnotkun og skilning. Virðing, sjálfræði og virkni eru gildi sem birtast einnig í vinnuskipulagi hjá starfsmönnum, því mikil áhersla er á samhjálp, samvinnu og dreifða ábyrgð starfsmanna.

Aukin áhersla er á samræmingu milli deilda þannig að ákveðinnar samfellu gæti í áherslum yngri deilda á ýmiskonar færni í sjálfshjálpi. Þannig verða þau betur undir það búin að flytjast yfir á eldri gang þar sem meiri kröfur eru gerðar á sjálfshjálpinu.

#### *Leikurinn.*

Í ljósi kenninga Hugsmíðahyggjunnar er rík áhersla lögð á að skapa leiknum gott rými í dagskipulagi leikskólans.

Í Sólhvörfum er litið á ágreining sem námstækifæri til að efla siðgæðisþroska barnsins. Börnin eru hvött til, undir handleiðslu kennara, að setja sér sameiginlegar reglur, sjá mismunandi sjónarhorn og tala um eigin tilfinningar.

Sjálfræði, siðgæði og samskipti eru gildi sem birtast einnig í vinnuskipulagi hjá starfsmönnum, því mikil áhersla er á samhjálp, samvinnu og dreifða ábyrgð starfsmanna

### *Málörvun*

Undanfarin ár höfum við aukið til muna málörvun alls staðar í leikskólanum. Málörvun tekur á sig ýmsar myndir í öllu starfi leikskólans og byggist á hugmyndaauðgi starfsmanna. Við nýtum hugmyndir alls staðar að og tökum á móti leikskólum sem vilja skoða málörvunarstarfið okkar. Einnig hafa starfsmenn haldið fyrirlestra hér og þar til að kynna okkar aðferðir og leiðir.

### *Samverustundir*

Á öllum deildum fara fram samverustundir í ýmsum myndum a.m.k tvisvar á dag.

Í samverustund að morgni er farið yfir það með börnunum hvernig veðrið er í dag hverjir eru mættir og hvað við ætlum að gera í dag. Söngstund á eldri gangi er í lok samverustundar.

Fyrir hádegismat er lesið fyrir börnin á eldri deildum í tvískiptum hópum, yngri og eldri en á yngri gangi er söngstund fyrir hádegismat og sögustund fyrir nónhressingu.

Eftir hvíld á tveimur yngstu deildunum fer fram málörvunarstund með Lubbaverkefninu en á eldri deildunum eru þær eftir hádegismat

Ávaxtastund er tvisvar á dag kl: 10:00 og kl:16:00. Þá eiga börnin notalega stund við að neyta ávaxta og spjalla við kennara um daginn og veginn.

### *Lubbaverkefnið.*

Í október 2015 var Lubbi finnur málbein kynntur til leiks í leikskólanum Sólhvörfum. Lubbaverkefnið er málörvunarverkefni þar sem máhljóð eru kynnt börnum í gengum söng, örsögur og tákni. Unnið er með Lubba á öllum deildum leikskólans og er einn stafur kynntur í senn. Matartímar eru nýttir til spjalls og þar bætum við stöðugt við orðaforða barnanna. Til að skilgreina orðaforða sem gott er að börn ráði yfir nýtum við orðaforðalista Menntamálastofnunar.

### *Vináttuverkefni Barnaheilla.*

Vináttuverkefni Barnaheilla hefur gengið vel og eru börnin áhugasöm. Vel hefur gengið að innleiða þá hugsun að til þess að sérhver einstaklingur geti eignast góðan vin þá þarf sá hin sami að vera góður vinur.

Vináttuverkefnið skapar góðan ramma utan um umræður og vangaveltur með börnunum um það hvernig við komum fram við hvort annað og hvaða afleiðingar okkar hegðun og framkoma

hefur á þá sem eru í okkar umhverfi. Þau verða læsari á aðstæður og ráða við að taka upp hanskann fyrir aðra auk þess að standa fyrir sjálfan sig í erfiðum aðstæðum.

### *Flæði*

Á föstudögum fyrir hádegi er flæði í leikskólanum. Þá eru allar deildar opnar fyrir öll börn. Börnin fara á milli deilda, leika sér og kynnast betur kennurum og börnum annarra deilda. Áhersla er lögð á að öll börn kynnist og þekki alla kennara skólans. Það auðveldar þeim að flytjast yfir á aðrar deildar þegar að þeim tímapunkti kemur.

### *Myndsköpun*

Myndlist er gert hátt undir höfði í Sólhvörfum. Öll börn fara einu sinni í viku í skipulagða myndlistarstund. Áhersla er lögð á að nýta fjölbreyttan verðlausan efnivið í listsköpun hverju sinni. Í listasmiðju eru ýmist unnin einstaklingsverkefni og hópverkefni. Í myndlistarstundum er lögð áhersla á ferlið við myndsköpunina en ekki endanlega útkomu. Í myndlistarstundum fá hugmyndir, tilfinningar og ímyndun barnanna að njóta sín.

Myndlistarstundirnar eru í umsjón Ingibjargar Sigurðardóttur leikskólakennara sem er sérgreinastjóri á þessu sviði.

### *Tónlist*

Í Sólhvörfum hefur skapast sú hefð að allir komi saman í sal skólans á föstudagsmorgnum og þar er haldin sameiginleg söngstund. Lögð er áhersla á að hafa gaman saman. Við syngjum ekki bara klassísk leikskólalög heldur er einnig verið að syngja lög sem heyrast síður nú á tímum en áður, s.s. barnalög, útilegulög og íslensk dægurlög.

Daglega eru einnig söngstundir á hverri deild. Lögð er áhersla á fjölbreytta söngva sem hæfir hverjum aldri. Á yngri deildum er meira um hreyfisöngva vegna þess að slíkt höfðar meira til þroska þess aldurshóps.

Börnin í leikskólanum Sólhvörfum hafa einnig farið og sungið í stofnunum og fyrirtækjum í nágrenninu og einnig æfir Sólhvarfa kórinn söngdagskrá fyrir útskriftarhátíð.

### Útinám

Í vetur byrjuðum við í Sólhvörfum með útinám. Hver deild fær fastan útikennsludag einu sinni í viku. Deildastjóri útikennslu og útikennslukennari viðkomandi deildar skipuleggja útinámið með tilliti til aldurs og getu hvernar deildar fyrir sig. Yngstu börnin æfa sig að fara út fyrir skólalóðina í styttri könnunarleiðangra á meðan þau eldri sinna krefjandi og lengri verkefnum. Í útikennslunni er náttúran og umhverfið notað sem efnisviður kennslunnar og börnin mynda betri tengsl við náttúruna.

### Hreyfing og íþróttir

Í Sólhvörfum leggjum við mikla áherslu á fjölbreytta hreyfingu. Á hverjum degi fara börnin út að leika á skólalóðinni og eins er farið í gönguferðir í fallegu umhverfi milli Elliðavatns og Vatnsendahæðar.

Öll börn fara einu sinni í viku í skipulagða hreyfistund í sal.

Í vetur höfum við verið í tilraunaverkefni með Fimleikafélaginu Gerplu þar sem boðið var upp á fimleika á leikskólatíma. Þetta er borgað af foreldrum og hafa þeir val um hvort börnin taki þátt.

Rík hefð er fyrir margskonar vettvangsferðum s.s. á listasöfn, bókasöfn, almenningsvæði o.fl. ávallt er farið gangandi sé þess kostur en annars eru almenningsgöngur nýttar.

### Sumarskólinn.

Frá skólaárinu 2009-2010 hefur verið starfræktur sumarskóli í Sólhvörfum. Í sumarskólanum er leikur og nám barnanna flutt út í garð skólans og þar eru afmörkuð svæði með ýmskonar leiktilboðum sem börnin geta valið um. Má þar nefna smíði og sköpun sem fer fram á sólpalli sem tengist beint við listasmiðju skólans. Hlutverkaleikur fer fram á grasinu í suðurgarðinum. Íþróttir og leikir sem fara fram á ýmsum opnum svæðum í nágrenni leikskólans. Náttúra og vísindi sem ýmist fer fram á skólalóðinni eða í fallegu umhverfi skólans.

Yfirskrift sumarsólans er „Gaman, gleði, virkni, fjölbreytni og uppgötvun“. Starfsmönnum leikskólans er skipt upp í hópa og ber hver hópur ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd á verkefnum sem eru í boði á ákveðnum svæðum.

Sumarskólinn stendur yfir í fjórar vikur og byrjar í fyrstu viku júnímánaðar.



### Ævintýradeild.

Í lok maí flytjast öll elstu börnin yfir á Ævintýradeildina. Markmiðið með Ævintýradeildinni er að efla vináttubönd meðal barnanna sem eru að fara frá okkur í grunnskóla og að veita þeim ögrandi og skemmtileg viðfangsefni síðasta sumarið þeirra í leikskólanum. Með þessari tilhögun stuðlum við að því að elstu börnin okkar hafi betri stuðning hvort af öðru þegar í grunnskólann er komið og að þau upplifi síðasta sumarið sitt í leikskólanum ánægjulegt og eftirminnilegt.

Ævintýradeildin hefur nokkra sérstöðu í leikskólanum því þau fara mikið í vettvangsferðir og taka oft með sér nesti þar sem þau eru í burtu jafnvel stóran hluta dagsins. Á Ævintýradeildinni skipuleggja börn og starfsmenn í sameiningu dagskrá vikunnar. Síðastliðið sumar vorum við í tilraunaverkefni með Vatnsendaskóla. Þá var Ævintýradeildin staðsett í dægradvölinni í grunnskólanum og tókst það tilraunaverkefni vonum framar. Allt gekk vel og höfum við hug á að hafa sama háttinn á næsta sumar.

### 3.2 Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir

Mikil áhersla er á menningartengdar vettvangsferðir á leikskólanum Sólhvörfum. Við nýtum okkur mikið Bóka- og Náttúrugripasafnið í Kópavogi. Einnig förum við með börnin á listasöfn og aðrar menningartengdar stofnanir s.s. Þjóðleikhúsið. Þessar ferðir eru ýmist hluti af hópastarfi eða viðleitni til að brjóta upp leikskólastarfið og fræða börnin um margvíslega menningu.

Í vetur vorum við þátttakendur í samstarfsverkefni um fjöll og fugla með menningarhúsum Kópavogs. Við fengum fræðslu og heimsóknir sem skiluðu sér í verkefnum sem síðan voru sýnd á barnamenningarhátíð nú í apríl.

Desember mánuður er viðburðarríkur í leikskólastarfinu þar sem hefðir eru í hávegum hafðar.

Undirbúningur jólaanna hefst á jólaverkstæðinu en markmið jólaverkstæðis er að foreldrar og börn eigi notalega stund saman við að skapa jólaskraut. Allt sem unnið er á jólaverkstæðinu er notað til skreytinga, jólagjafa og við máltíðir á leikskólanum í desember.

Jólaball, jólakaffi og jólamatur á einnig sinn sess í desember ásamt sýningu á helgileik.

Foreldrum barna á Jötunheimum og Goðheimum er boðið þegar elstu börnin sýna helgileik

og syngja. Börnin í næst elsta árganginum byrja athöfnina með því að ganga inn kirkjugólfið syngjandi undir bjölluhljómi.

Á Bóndadaginn fögnum við þorra með íslenskri kjötsúpu fyrir börnin. Þann morgunn bjóða börnin þabba og afa sérstaklega velkomna í morgunkaffi á leikskólanum.

Þann 6. febrúar höldum við dag leikskólans hátíðlegan með ólíkum hætti frá ári til árs en í ár varð ljósadagur fyrir valinu. Við nýttum okkur vasaljós til leiks með ljós og skugga og ljósaleikir voru á öllum deildum.

Föstudag fyrir Konudag bjóða börnin mömmur og ömmur velkomnar í morgunkaffi á leikskólanum í tilefni af Konudeginum.

Í febrúar gerum við okkur dagamun skv. hefðinni á sprengjudag, bolludag, og öskudag. Öskudagurinn skipar mjög stóran sess í starfsemi leikskólans. Undirbúningur fyrir öskudaginn byrjar um miðjan janúar. Að venju hanna og útbúa börnin sjálf sína eigin öskudagsbúninga á Sólhvörfum.

Páskum er gerð skil í dagskrá skólans með umræðum og myndsköpun.

Útskrift elstu barna ásamt útskriftarferð verður í lok maí.

Fyrir utan þessar hefðir eigum við gott samstarf við Vatnsendaskóla og fórum við í fimm skipulagðar heimsóknir á milli skólanna þetta skólaár.

Foreldrafélagið mun standa fyrir vorferð þar sem börnin fá tækifæri á að umgangast húsdýrin og fræðast um þau. Hvort sú ferð verður farin í Húsdýragarðinn eða á sveitabæ er ekki endanlega ákveðið.

Foreldrafélagið stendur árlega fyrir sumarhátíð og verður hún á sínum stað næsta sumar um Jónsmessuna.

### 3.3 Þróunar- og nýbreytnistarf

#### *Snemmtæk íhlutun*

Í vetur höfum við höfum við tekið þátt í þróunarverkefninu Snemmtæk íhlutun undir stjórn Ásthildar BJ Snorradóttur. Verkefnið tekur yfir tveggja ára tímabil og er búið að gera gróflega áætlun um framvindu verkefnisins. Handbók hefur verið í smíðum í allan vetur. Stefnt er á útgáfu handbókarinnar með haustinu en ýmsir verkferlar sem þar koma fram eru nú þegar komnir í umferð og skila árangri í því að safna mikilvægum upplýsingum sem nýtast okkur í vinnunni með börnunum.

#### *Lubbaverkefnið*

Við höfum unnið áfram með nýjar leiðir og hugmyndir sem tengjast málörvuninni og Lubbaverkefninu okkar. Bókabeinafjallið okkar óx hraðar og hærra en við gátum séð fyrir okkur og verður eitt af því sem verður örugglega endurtekið næsta vetur.

#### *Vandræðasögurnar*

Í vetur áskotnuðust okkur Vandræðasögur eftir þær Alexöndru, Fjólu Ósk og Ragnheiði. Höfundarnir báðu okkur um að reyna þær í raunverulegum aðstæðum. Við höfum lesið þær reglulega fyrir elstu hópana og börnin taka virkan þátt. Þær setja þau þekktar aðstæður og halda þeim vel. Vandræðasögurnar verða örugglega notaðar víðar í leikskólanum n.k vetur.

#### *Vináttuverkefnið*

Við höfum undanfarin ár gert Vináttuverkefni Barnaheilla að föstum lið í leikskólanum. Blær er aðgengilegur og margir starfsmenn hafa farið á námskeið til þess að miðla verkefninu til barnanna. Nú í vetur höfum við enn bætt í með því að taka inn Blæ fyrir yngri börn. Þrír deildarstjórar sóttu námskeið og hafa innleitt verkefnið með yngstu árgöngunum.

#### *Útinámið*

Í vetur byrjuðum við í Sólhvörfum með útinám. Þetta er tilraunaverkefni hjá okkur og er lærður útikennslukennari umsjónamaður verkefnisins. Hver deild fær fastan útikennsludag einu sinni í viku. Deildastjóri útikennslu og útikennslukennari viðkomandi deildar skipuleggja útinámið með tilliti til aldurs og getu hvernar deildar fyrir sig. Yngstu börnin æfa sig að fara út

fyrir skólalóðina í styttri könnunarleiðangra á meðan þau eldri sinna krefjandi og lengri verkefnum. Tilgangur útinámsins er meðal annars að stuðla að aukinni hreyfingu og útiveru barna. Í útikennslunni er náttúran og umhverfið notað sem efnisviður kennslunnar og börnin mynda betri tengsl við náttúruna.

## 4 Starfsmenn

### 4.1 Starfsmannastefna

Rík áhersla er lögð á að halda góðum starfsanda, vanda til ráðningar nýrra starfsmanna og fjölga faglærðum og eða háskólamenntuðum starfsmönnum. Einnig hefur verið lögð rík áhersla á samvinnu og samstarf þvert á deildir og starfsmenn.

Til að efla stöðugleika í starfsmannahaldi er unnið með nýliðaáætlun þar sem deildastjórar og leikskólastjóri funda formlega og óformlega með nýjum starfsmönnum í þeirri viðleitun að veita þeim handleiðslu í starfi og tryggja að þeir þjálfist vel og finni til öryggis á vinnustað. Framkvæmd móttökuáætlunar er á ábyrgð leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og deildastjóra.

Áður var öllu starfsfólki afhent starfsmannahandbók en vegna þess að mikið af upplýsingunum eru úreldar er því engum til gagns að lesa þær. Stefnt er að endurskoðun starfsmannahandbókar á skólaárinu.

Mannauður hvers og eins er nýttur eftir atvikum.

### 4.2 Áherslur í samstarfi svo sem handleiðsla, starfsmannasamtöl og móttaka nýrra starfsmanna

Góðar móttökur þegar nýr starfsmaður mætir til vinnu er ófrávíkjanleg regla í Sólhvörfum. Einnig er áhersla á dreifða ábyrgð og að nýta mannauð hvers og eins eftir atvikum hverju sinni.

Starfsmannaviðtöl voru tekin við alla starfsmenn leikskólans í lok apríl og byrjun maí 2019. Starfsmenn voru boðaðir með minnst tveggja daga fyrirvara og fengu eyðublað í hendurnar sem hjálpaði þeim við undirbúning viðtalsins.

Viðtölin gengu mjög vel og mættu starfsmenn almennt undirbúnir í viðtalið. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skiptu viðtölunum með sér og reyndist það mjög vel.

Fram kom í viðtölunum að almennt líður starfsmönnum mjög vel í vinnunni og margir ræddu að starfsandi væri góður á vinnustaðnum. Starfsmenn upplifa að almennt sé verið að nýta mannauð þeirra og að fólk fái verkefni við hæfi. Nýir starfsmenn tala um að vel sé tekið á móti þeim.

Mikil vinna hefur farið í að byggja upp jákvæðan starfsanda á síðustu misserum. Við viljum að starfsmönnum líði vel í vinnunni, fái góða og markvissa starfsþjálfun og fái tækifæri til að nýta mannauð sinn og njóta endurmenntunar.

Á síðasta skólaári fengum við Maríönnu Einarsdóttur til þess að fara yfir handleiðsluform með deildarstjórunum. Nokkrir handleiðslufundir voru haldnir en svo dattu þeir upp fyrir. Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og sérkennslustóri sækja reglulega handleiðslufundi utan skólans með kollegum sínum.

#### 4.3 Samsetning starfsmannahópsins

Stöðugildi í Sólhvörfum skólaárið 2019-2020, vegna barngilda, sérkennslu, stjórnunar, eldhúss og afleysingar eru 33.25 og skiptis menntun kennara á eftirfarandi hátt.

Leikskólakennarar	23.74 %
Önnur háskólamenntun	21.69%
Leiðbeinendur	54,57 %

Starfsmannahópurinn er samhentur og mikil samvinna og samstaða ríkir í hópnum. Hlutfall starfsmanna með aðra háskólamenntun en leikskólakennaramenntun hefur minnkað og að sama skapi hefur hlutfall leiðbeinanda aukist í starfsmannahópnum.

Tíu starfsmenn í Sólhvörfum stunda háskólanám þetta skólaárið og vinna sumir þeirra hlutastörf hér í Sólhvörfum samhliða námi. Þessir starfsmenn nýtast ákaflega vel í afleysingar vegna undirbúnings og veikinda. Fjórir leiðbeinendur eru í leikskólakennaranámi og tveir háskólamenntaðir starfsmenn eru að taka meistaranám í leikskólakennarafræðum. Einnig eru tveir leikskólakennarar við skólann í Mastersnámi, annar í Stjórnun menntastofnana og hinn í Sérkennslufræðum við Háskóla Íslands. Tveir leiðbeinendur eru í öðru námi.

Tveir starfsmenn munu fara í fæðingarorlof á skólaárinu 2019-2020.

#### 4.4 Fundir

Á skólaárinu er áætlað að halda tvo starfsmannafundi og tvo fagfundi utan hins hefðbundna vinnutíma. Deildastjórafundir eru haldnir aðra hvora viku í einn og hálfan klukkutíma í senn. Þá fundi sitja: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og deildastjórar allra deilda. Deildarfundir eru haldnir á tveggja vikna fresti, eða eftir þörfum og eru þeir í hálfan til einn klukkutíma. Á eldri deildum eru deildarfundir haldnir í útiveru en á yngri deildum á meðan hvíldin er. Sérkennslufundir eru haldnir eftir þörfum og sér sérkennslustjóri um að boða þá fundi. Sérkennslufundi sitja: Sérkennslustjóri og stuðningsaðili viðkomandi barns. Morgunfundir eru alla morgna kl:9:00. Á þá fundi mæta skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og deildastjórar. Morgunfundur er fimmtán mínútna fundur þar sem farið er yfir daginn og ákvarðanir teknar um málefni líðandi stundu. Deildarnar mannaðar út daginn og skilaboðum komið áleiðis. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eiga samráðsdaga á mánudögum og nota hluta af þeim tíma til þess að funda.

#### 4.5 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru fimm á árinu og höfum við þegar unnið einn af þeim. Á þeim fundi var starfsmannafundur, deildarfundir og fengum við námskeið frá KVAN um jákvæð samskipti á vinnustað. Einnig var farið yfir Heimsmarkmiðinn og Barnasáttmálann og unnin verkefni því tengdu. Hinir skipulagsdagarnir eru: 21. nóvember, 2. janúar, 23. mars og 22. maí.

#### 4.6 Símenntunaráætlun

Starfsmenn leikskólans eru hvattir til að sækja sér sí og endurmenntun til að efla sig í starfi. Við nýtum okkur fyrirlestra og námskeið á vegum leikskóladeildar eftir þörfum. Starfsmenn sækja sér einnig námskeið á vegum Endurmenntunar Háskólans og ýmis starfstengd námskeið og ráðstefnur bæði hérlendis og erlendis.

Á starfsdögum leikskólans er boðið upp á fyrirlestra um ýmiskonar starfstengt efni.

#### 4.7 Þátttaka í rannsóknum

Í Sólhvörfum hafa farið fram rannsóknir hjá meistaranemum í Háskóla Íslands. Við höfum haft þrjár slíkar rannsóknir hjá okkur síðastliðið skólaár. Sálfræðinemi kom og rannsakaði stúlkur með ADHD, samverustundum hjá 4 ára börnum var rannsóknarefnið hjá öðrum meistaranema og jafnrétti kynjanna var einnig rannsakað í Sólhvörfum.

## 5 Börn

### 5.1 Fjöldi barna, aðlögun, flutningur milli deilda og útskrift

Í Sólhvörfum dvelja 115 börn. Aldursskiptinginn er eftirfarandi:

- Goðheimar 22 börn, fædd 2014
- Jötunheimar 20 börn, fædd 2015
- Álfheimar 10 börn, fædd 2015 og 10 börn fædd 2016
- Þrymheimar 14 börn, fædd 2016 og 5 börn, fædd 2017
- Ásheimar 18 börn, fædd 2017
- Dvergheimar 1 barn, fætt 2017 og 15 börn fædd 2018

Leikskólinn er opinn frá 7:30-16:30 daglega og eru barngildi við skólann skólaárið 2019-2020 151,26

#### *Aðlögun barna.*

Foreldrum nýnema er boðið til kynningafundar í leikskólanum að vori. Þar gefst þeim tækifæri á að kynna sér uppeldisstefnu skólans, praktísk atriði er varðar leikskóladvöl barnsins, spyrja spurninga og hitta deildastjóra.

Foreldrum er bent á að foreldrahandbókin er aðgengileg á heimasíðu. Þar er að finna allar helstu upplýsingar um hagnýta og faglega þætti leikskólastarfsins.

Mikilvægur liður í eflingu foreldrasamstarfs er aðlögun. Í Sólhvörfum er unnið með þátttöku aðlögun á yngri deildum, þar sem foreldrar eru með barninu sínu fyrstu þrjá daganna. Á þessum tíma myndast góð tengsl milli foreldra, starfsmanna og barna. Það eykur á traust foreldra á leikskólanum og um leið verða börnin öruggari í nýjum aðstæðum.

Sú breyting varð á í vor að aðlögun yngstu barnanna var flýtt og byrjaði aðlögun þeirra 28.maí í stað þess að byrja um miðjan ágúst eins og venjan er. Þessi breyting kom til vegna þess að dagamma í hverfinu var að hætta í byrjun maí og við vissum að foreldrar voru í vandærðum. Einnig hafði það áhrif að elstu börnin höfðu fengið aðgang að Vatnsendaskóla þar sem Ævintýradeildin var starfrækt í sumar við mikla ánægju allra sem að því verkefni komu. Við sáum því enga ástæðu til þess að vera með hálf tóman skóla um sumarið. Þessar breytingar lögðust það vel í starfsfólk, börn, foreldra og starfsfólk Vatnsendaskóla að við munum hafa þennan háttinn á í framtíðinni. Þessi breyting hafði einnig þau áhrif í för með

sér að við gátum byrjað skólastarf á haustönn töluvert fyrr en áður þar sem aðlögun var lokið um miðjan ágúst en ekki um miðjan október eins og áður.

Á eldri deildum er unnið með einstaklingsaðlögun, enda yfirleitt um leikskólavönn börn að ræða og þau eru færri í aðlögun á sama tíma.

#### *Flutningur milli deilda.*

Síðustu vikuna í maí fer fram aðlögun barna milli deilda. Um leið er útskriftarárgangurinn sameinaður í eina deild, Ævintýradeild sem eins og áður segir hafði aðsetur í Vatnsendaskóla í sumar. Börnin í Sólhvörfum þekkja húsnæðið og alla kennara vel þar sem mikil samvinna er á milli deilda. Með það í huga var ekki talin þörf á neinum sérstökum undirbúningi öðrum en einni heimsókn á deildina sem viðkomandi börn fluttust á.

#### *Útskrift.*

Útskrift elstu barna er í lok maí hvert ár. Við bjóðum foreldrum að vera viðstödd athöfnina. Ákveðin hefð er komin á fyrirkomulag útskriftina. Leikskólastjóri flytur stutt ávarp, útskriftarárgangurinn syngur nokkur lög og deildastjórar afhenda börnunum útskriftarskírteini. Að lokum býður leikskólastjóri viðstöddum að þiggja veitingar í boði útskriftarárgangsins.

## 5.2 Sérkennsla

Skólaárið 2019 - 2020 eru sex börn sem fá úthlutaðan tíma úr fyrsta og öðrum flokki sérkennslu, alls 40 klst. á viku. Einstaklingsnámskrá er gerð fyrir þessi börn en hún byggir á upplýsingum úr nokkrum áttum og skiptir aðkoma foreldra þar miklu máli. Áhersla er lögð á að markmið séu mælanleg svo auðvelt sé að meta hvort árangur hafi náðst í vinnu með barn en stuðst er við AEPS matslistann við námskrárgerð. Gildistími einstaklingsnámskráa er almennt fjórir mánuðir en þá er staða barnsins endurmetin og markmið uppfærð í takt við hana.

Börn sem njóta sérkennslu úr 3. og 4. flokki eru 18 og skipta með sér 9 klst. Algengasta ástæða sérkennslu fyrir börn í þessum flokkum er málörvun. Börn af erlendum uppruna eru 8 frá sjö þjóðlöndum. Unnið er með þau börn í málörvunarhópum.



## 6 Foreldrasamstarf

### 6.1 Stefna og áherslur vegna foreldrasamstarfs

Í leikskólanum Sólhvörfum er lögð áhersla á jákvæð samskipti, góða samvinnu og gagnkvæma virðingu í foreldrasamstarfi. Lögð er rík áhersla á að starfsmenn sýni foreldrum og börnum glaðlegt viðmót og vingjarnleika í daglegum samskiptum. Slík framkoma stuðlar að trausti foreldra til starfsmanna og skólastarfsins.

Megináherslur í foreldrasamstarfi eru:

- Að stuðla að góðu samstarfi um barnið og það sem að því snýr.
- Að efla upplýsingagjöf til foreldra um starfsemi skólans hverju sinni.
- Að stuðla að góðum tengslum milli heimilis og skóla.

Til að ná þessum markmiðum notum við dagleg samskipti við foreldra, fréttir sendar á tölvupósti, heimasíðu skólans og árleg foreldraviðtöl. Einnig eru margar árlegar uppákomur í leikskólanum þar sem foreldrar taka þátt.

### 6.2 Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi við leikskólann og starfar ráðið skv. lögum um starfsemi og hlutverk foreldraráða. Þrír foreldrar sitja í foreldraráði og eru þeir skipaðir til eins árs í senn. Skipun í foreldraráð fer fram á fyrsta fundi stjórnar foreldrafélagsins á hverju skólaári. Fundir foreldraráðs eru á dagvinnutíma.

### 6.3 Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Foreldrum stendur ávallt til boða að koma í leikskólann og fylgjast með skólastarfinu.

Foreldrar eru einnig duglegir við að færa leikskólanum allskonar verðlausan efnivið, bækur, púsl og leikföng sem koma ekki lengur að notum heima.

Foreldrar mæta vel á allar uppákomur leikskólans og foreldrafélagsins.

Foreldrar eru almennt áhugasamir um starfsemi skólans, þeir koma oft með ábendingar um það sem betur má fara og ef eitthvað er að varðandi einstök börn eru þeir óhræddir að tjá sig við deildastjóra eða leikskólastjóra.

## 6.4 Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Öllum nýjum foreldrum er bent á rafræna foreldrahandbók á heimasíðu Sólhvarfa við upphaf skólagöngu barnsins. Í handbókinni eru að finna allar helstu upplýsingar um starfsemi, reglur og hefðir á leikskólanum.

Foreldrum eldri barna er boðið í foreldraviðtal í september/október ár hvert en foreldrum yngri barna í janúar/febrúar. Foreldrar og deildastjórar geta þó óskað eftir fleiri viðtölum ef þurfa þykir.

Allir foreldrar hafa fengið að minnsta kosti eitt foreldraviðtal um börnin sín í vetur. Almennt lýsa foreldrar ánægju með störf leikskólans en einnig hafa komið fram athugasemdir sem við höfum tekið til greina. Í foreldraviðtölum hefur verið farið yfir þroska og framvindu barnanna auk þess sem farið er sérstaklega yfir áhyggjur ef einhverjar eru.

Heimasíðan, fréttabréf og auglýsingar á deildum eru aðferðir sem notaðar eru til að miðla upplýsingum til foreldra. Og ekki má gleyma daglegum samskiptum og upplýsingagjöf milli foreldra og starfsmanna.

## 6.5 Foreldrafélag

Foreldrafélagið er mjög öflugt og mikill vilji til að efla samstarf og samráð milli félagsins og leikskólans. Í þeirri viðleitni hefur stjórn félagsins og aðstoðarleikskólastjóri fundað reglulega yfir vetrartímann.

Foreldrafélagið stendur fyrir ýmsum uppákomum s.s. sveitarferð og sumarhátíð. Einnig hefur foreldrafélagið aðstoðað jólasveininn með innkaup á jólagjöfum fyrir jólaballið á leikskólanum.

Foreldrafélagið hefur einnig fært skólanum veglegar gjafir fyrir rekstarafgang og núna síðast Vináttuverkefna tösku með námsefni fyrir 0-3 ára.

# 7 Samstarf

## 7.1 Samstarf við grunnskóla

Gott samstarf hefur verið frá upphafi milli Sólhvarfa og Vatnsendaskóla. Föst hefð í samstarfinu hefur þróast í gegnum tíðina og verður haldið áfram á sömu braut. Heimsóknir milli skólanna er fimm yfir skólaárið. Auk hefðbundinna heimsókna elstu barnanna á Sólhvörfum í Vatnsendaskóla, þá fá þau úthlutað sínum skólavin sem þau kynnast í þessum

heimsóknum og eiga vísan að þegar grunnskólagangan hefst. Það var því gleðileg viðbót við gott samstarf þegar Ævintýradeildin hafði aðsetur í Vatnsendaskóla í sumar. Eins og áður segir hafa báðir skólar hug á að halda áfram því samstarfi á næsta skólaári. Kennarar fyrstubeckinga í vetur höfðu orð á því á fundi að þau fyndu fyrir jákvæðri breytingu á börnunum, þau eru öruggari og þekkja umhverfi sitt betur.

## 7.2 Samstarf við aðra

Samkvæmt lögum og reglugerðum ber leikskólum að eiga samstarf við margskonar aðila sem sinna eftirlitskyldu s.s. Heilbrigðiseftirlit og Öryggiseftirlit. Mesta samstarfið er þó við stoðþjónustu sem Kópavogsbær veitir leikskólum s.s. ráðgjafa á skólaskrifstofu, félagsþjónustu, tölvudeild, launadeild, Áhaldahús, Tæknideild o.fl.

Það er afar mikilvægt fyrir skólastarfið og starfsmenn að eiga aðgang að góðri og faglegri stoðþjónustu.

Hjá Kópavogsbæ eiga starfsmenn leikskólans aðgengi að sérfræðingum á ýmsum sviðum til að leita eftir stuðningi, leiðbeiningu og ráðgjöf.

- Starfsmannastjóri veitir ráðgjöf og leiðbeiningu um réttindi og skyldur launþega og vinnuveitenda.
- Launafulltrúi veitir ráðgjöf um launaflokkaröðun og skil og meðferð á launagögnum.
- Leikskólafulltrúi er ráðgefandi um meðferð mála er snúa að stjórnarsýslulegum atriðum er varðar leikskólann.
- Leikskólaráðgjafar eru leiðbeinandi um fag og starfsmannamál leikskólans.
- Sérkennsluráðgjafar eru ráðgefandi varðandi börn með sérþarfir.
- Félagþjónustan er ráðgefandi varðandi meðferð barnaverndarmála.

## 7.3 Nemar

Tíu starfsmenn í Sólhvörfum stunda háksólanám þetta skólaárið og vinna sumir þeirra hlutastörf hér í Sólhvörfum samhliða námi. Þessir starfsmenn nýtast ákaflega vel í afleysingar vegna undirbúnings og veikinda. Fjórir leiðbeinendur eru í leikskólakennaranámi og tveir háskólamenntaðir starfsmenn eru að taka meistaranám í leikskólakennarafræðum. Einnig eru tveir leikskólakennarar við skólann í meistaranámi, annar í Stjórnun

menntastofnana og hinn í Sérkennslufræðum við Háskóla Íslands. Tveir leiðbeinendur eru í öðru námi.

## 8 Mat

### 8.1 Matsaðferðir

Símat er notað í öllu starfi leikskólans og fer það fram á deildarfundum og deildastjórafundum.

Elstu börnin í leikskólanum gera könnun að vori með sjónrænu skipulagi um ýmsa þætti í starfinu s.s. hópastarf, myndlist og tónlist.

Allir starfsmenn gera mat á því í hversu miklum samskiptum þeir eru við sérhvert barn á deildinni. Könnunin fer þannig fram að starfsmaðurinn fær blað sem er með e.k. skífu með mörgum hringjum hver innan í öðrum. Starfsmaðurinn er í miðjunni og síðan skráir hann nöfn þeirra barna sem hann á oftast í samskiptum við næst sér og fjærst þau börn sem hann á sjaldnast í samskiptum við.

Á deildarfundum og starfsdögum er hluti af tímanum nýttur til að endurmeta starfið á deildum, sameiginlegar áherslur og verkferla.

Einstaklingsnámskrár sérkennslubarna eru reglulega endurmetnar og tekið út það sem ekki lengur á við og öðru bætt inn í eftir getu hvers og eins.

EFI er málþroskaskimun sem lögð er fyrir börn á fjórða ári í leikskólanum.

Hljóm er málþroskapróf sem lagt er fyrir börn á fimmta ári í leikskólanum

APES er færniþað matskerfi sem er notað fyrir börn sem hafa fengið úthlutuðum tímum í sérkennslu. Matskerfið er útfyllt af foreldrum og sérkennsluteymi. Á grunni útkomu úr APES er gerð námskrá fyrir viðkomandi börn.

Síðustu ár var einnig byrjað að meta alhliða þroska tveggja ára barna með TRAS skimunarprófinu. Þetta próf fylgir síðan tveggja ára börnunum á milli deilda og er prófað árlega út leikskólagöngu barnanna.

Starfsmannaviðtöl eru tekin árlega, niðurstaða úr þeim ætti að varpa ljósi á líðan starfsmanna á vinnustað og hvaða þætti í vinnu umhverfinu þurfi að bæta.

Árleg foreldraviðtöl skila ábendingum um starfið og starfsumhverfið sem við nýtum inn í endurmat og nálganir okkar í leikskólastarfinu.

### Hljóm 2

HLJÓM-2 er próf í leikjaformi sem er lagt fyrir elsta árgang leikskólans til að meta mál- og hljóðkerfisvitund. Prófið er lagt fyrir á haustin en fyrirlögnin tekur um 20 - 30 mínútur. Niðurstöður gefa vísbendingar um áhættu varðandi síðari lestrarörðugleika og eru því mikilvægar fyrir markvissa vinnu á lokaári barnanna í leikskólanum. Foreldrar fá upplýsingar um niðurstöðu síns barns í bréfi þar sem einnig er bent á leiðir og námsefni til að örva mál- og hljóðkerfisvitund. Þá er niðurstöðum skilað til þess grunnskóla sem barnið mun hefja nám í. Málörvunarhópar eru myndaðir í kringum þau börn sem koma út með slaka færni. Eftir rúmlega þriggja mánaða vinnu er prófið lagt fyrir aftur. Ef útkoman er óbreytt er málið skoðað í samráði við foreldra og ákvörðun tekin varðandi frekari íhlutun. Útkoman í HLJÓM-2 á þessu starfsári var óvenjugóð og mun færri sem komu út með slaka færni en síðastliðin ár. Skýringuna má líklega rekja til aukinnar áherslu á málörvun og notkun námsefnis sem tengist Lubba.

### 8.2 Matsaðferðir síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Endurmat fer fram á skipulagsdögum og deildarfundum. Leikskólinn er í stöðugu símati og metum við jafnóðum þá viðburði sem eiga sér stað á vegum skólans. Má þar meðal annars nefna jólaverkstæðið okkar sem er í stöðugri þróun og tekur nokkrum breytingum frá ári til árs, sumarskólinn, öskudagur og fleiri uppákomur sem eru endurmetnar jafnóðum og aðlaga þarf að barnahópnum hverju sinni.

Starfsmannaviðtölin eru hluti af matsaðferðum skólans. Þar skoða kennarar gildi sín og markmið og ræða við skólastjórnendur hugmyndir sínar fyrir skólann sem og hvað mætti betur fara.

### 8.3 Mat á starfsáætlun síðastliðins starfsárs og niðurstöður

Það gekk ágætlega að fylgja eftir starfsáætlun síðasta skólaárs. Einhverjir hnöktrar voru á flæðinu og gekk það fyrirkomulag ekki nógu vel. Töluvert hringl var á skipulaginu flæðisins sem var í sífelldu endurmati. Í upphafi skólaárs var flæðið fimm daga vikunnar en í lok árs

voru þeir orðnir þrír. Við höfðum prófað að hafa flæðið bæði fyrir og eftir hádegi, í stuttan tíma eða langan en einhvern vegin virtist skipulagið ekki ganga upp. Starfsfólk var upp til hópa orðið áhugalaust um flæðið og því var tekið sú ákvörðun á nýju skólaári að gefa flæðinu frí. Einnig urðu breytingar á aðlögun og staðsetningu Ævintýradeildar eins og áður hefur komið fram.

#### 8.4 Umbótaáætlun

Í vetur höfum við höfum við tekið þátt í þróunarverkefninu Snemmtæk íhlutun undir stjórn Ásthildar BJ Snorradóttur. Verkefnið tekur yfir tveggja ára tímabil og er búið að gera gróflega áætlun um framvindu verkefnisins. Handbók hefur verið í smíðum í allan vetur. Stefnt er á útgáfu handbókarinnar með haustinu en ýmsir verkferlar sem þar koma fram eru nú þegar komnir í umferð og skila árangri í því að safna mikilvægum upplýsingum sem nýtast okkur í vinnunni með börnunum.

#### *Lubbaverkefnið*

Við höfum unnið áfram með nýjar leiðir og hugmyndir sem tengjast málörvuninni og Lubbaverkefninu okkar. Bókabeinafjallið okkar óx hraðar og hærra en við gátum séð fyrir okkur og verður eitt af því sem verður örugglega endurtekið næsta vetur.

#### *Vandræðasögurnar*

Í vetur áskotnuðust okkur Vandræðasögur eftir þær Alexöndru, Fjólu Ósk og Ragnheiði. Höfundarnir báðu okkur um að reyna þær í raunverulegum aðstæðum. Við höfum lesið þær reglulega fyrir elstu hópana og börnin taka virkan þátt. Þær setja þau þekktar aðstæður og halda þeim vel. Vandræðasögurnar verða örugglega notaðar víðar í leikskólanum n.k vetur.

#### *Vináttuverkefnið*

Við höfum undanfarin ár gert Vináttuverkefni Barnaheilla að föstum lið í leikskólanum. Blær er aðgengilegur og margir starfsmenn hafa farið á námskeið til þess að miðla verkefninu til barnanna. Nú í vetur höfum við enn bætt í með því að taka inn Blæ fyrir yngri börn. Þrír deildarstjórar sóttu námskeið og hafa innleitt verkefnið með yngstu árgöngunum.

## 9 Öryggismál

Við skólann er bæði öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður eins og vinnuverndarlög kveða á um. Einnig er starfandi áfallaráð. Búið er að gera áhættumat fyrir leikskólann sem er árlega endurskoðað.

### 9.1 Öryggisnefnd

Öryggisvörður og öryggistrúnaðarvörður hafa eftirlit með aðbúnaði barna og fullorðinna í skólanum. Í öryggisnefnd eru leikskólastjóri og einn starfsmaður. Þeir funda eftir þörfum og eru í samstarfi við vinnueftirlitið og heilbrigðiseftirlitið. Komið er með athugasemdir til nefndarinnar ef úrbóta er þörf, hvort sem það er innan húss eða utan. Öryggisnefnd bregst við athugasemdinni og hefur samband við þá aðila sem sjá um úrbætur. Öryggisnefndin sækir námskeið hjá Vinnueftirliti ríkisins einu sinni á ári.

### 9.2 Áfallaráð

Áfallaráð er í leikskólanum. Í ráðinu eru: Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, sérkennslustjóri og einn deildarstjóri. Ráðið kemur saman þegar áföll dýnja yfir starfsfólk eða börn.

### 9.3 Innra eftirlit

Starfsmenn frá Slökkviliðinu koma árlega og fara yfir slökkvitæki og annan búnað sem tilheyrir brunavörnum. Starfsmaður á vegum Kópavogsbæjar kemur reglulega og yfirfer útileiktæki og Heilbrigðiseftirlitið fer yfir hreinlæti á leikskólanum.

### 9.4 Slys

Slysaskráningar eru ófrávíkjanleg regla og verkferlar vegna slysa á starfsmönnum og börnum í góðum farvegi. Annað hvert ár er fara allir starfsmenn á námskeið um slys á börnum og höfum við fengið Herdís Storgaard til að sjá um það námskeið fyrir okkur. Á síðasta skólaári áttu sér stað minniháttar höfuðhögg og tannslýs. Eitt barn handleggsbrotnaði og þurfti að fara í aðgerð vegna þess.

## 10 Lokaorð

Áfram er stefnt að því að halda úti metnaðarfullu fagstarfi í leikskólanum Sólhvörfum. Við höfum unnið hörðum höndum að því að halda utan um starfsmannahópinn, efla hann og hvetja og verður það áfram forgangsríki. Eins og áður kom fram er mannauðurinn í Sólhvörfum undirstaða alls starfsins. Áfram ætlum við að efla hópinn, styrka hann að innan með auknum verkefnum, stuðningi, menntun og hópefli. Einnig er mikilvægt að vera stöðugt á höttunum eftir nýju starfsfólki sem styrkt getur starfið okkar.

Við bindum miklar vonir við nýja leikskólakerfið Völuna sem við höfum nú þegar hafist handa við að kynna okkur, fikta í og innleiða. Það er okkar von að það einfaldi utanumhald ekki síður en samskipti við foreldra.

Leikskólinn tekur stöðugum breytingum enda stendur tíminn ekki í stað þar frekar en annars staðar í þjóðfélaginu. Nýir foreldrar og börn bjóða upp á nýjar áskoranir og alltaf eykst aðkoma okkar að uppeldi og umönnun barnanna í hverfinu. Hlutverk okkar hefur breyst og það kallar á nýjar nálganir og það er eins gott að vera sífellt á tánum. Framundan er að styrka alla starfsmenn í þeim störfum sem þeir sinna með endurmenntun, handleiðslu og samtölum.

Í ljósi þróunar í starfsemi leikskólans er kominn tími til að endurskoða verkferla, starfsmannahandbók, foreldrahandbók og skólanámskrá. Þessi vinna hófst fyrir tveimur árum en var lögð til hliðar vegna anna, nú er lag.

Starfsmannahópur leikskólans Sólhvarfa tekst óhræddur á við öll þau hlutverk sem okkur hafa verið gefin og fleiri til. Við hlökkum til daganna, viknanna og áranna framundan. Þau munu færa okkur ný hlutverk og enn frekari tækifæri til þess að styrkja okkur í þeim hlutverkum sem okkur hafa nú þegar verið færð.

Eyja Bryngeirsdóttir leikskólastjóri

Gerður Magnúsdóttir aðstoðarleikskólastjóri



